

Mánudaginn 14. desember 1942.

Nr. 48/1941. **Vinnufataverksmiðjan h/f.**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Bæjarsjóði Reykjavíkur (Garðar Þorsteinsson)

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Adolph Bergsson, fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. júní f. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði framkvæmdar lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar fógetaúrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Vinnufataverksmiðjan h/f á starfhýsi í Seltjarnarneshreppi, þar sem varningur félagsins er unninn, en fyrirsvar þess er í Reykjavík og bókhald og sjóðmeðferð að mestu leyti. Verður því að telja raunverulegt heimili félagsins í Reykjavík, þó að það sé ekki skrásett þar. Var útsvarið því réttilega álagt í Reykjavík. Ber þess vegna að staðfesta fógetaúrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann 700 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að málflytjendur hafa dregið málið úr hófi fram, frá því að úrskurður var upp kveðinn í því í hæstarétti 17. nóv. f. á.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vinnufataverksmiðjan h/f, greiði stefnda, bæjarsjóði Reykjavíkur, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 8. maí 1941.

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur gerði árið 1939 Vinnufataverksmiðjunni h/f, að greiða kr. 2000.00 í útsvar til bæjarsjóðs fyrir það ár.

Vinnufataverksmiðjan hefur færzt undan að greiða útsvarið, og hefur bæjargjaldkerinn krafzt lögtaks fyrir því, en gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerðin næði fram að ganga vegna þess, að útsvarið væri ranglega lagt á, og hafa aðiljar því komið sér saman um að leggja ágreininginn undir úrskurð fógætaréttarins.

Gerðarþoli heldur því fram, að hann geti eigi talizt útsvarsskyldur í Reykjavík, sökum þess að Vinnufataverksmiðjan h/f. sé tilkynnt til hluthafaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu og eigi þar lögheimili og varnarþing. Enn fremur að firmað starfræki ekkert útibú. Heildverzlunin Hekla, Hafnarstræti 10—12, hefur hins vegar söluumboð verksmiðjunnar í Reykjavík gegn ákveðinni þóknun, þar sé tekið á móti þöntunum á vörum, en önnur viðskipti hafi firmað ekki í Reykjavík.

Að visu sé sami framkvæmdarstjóri bæði heildverzlunarinnar Heklu og Vinnufataverksmiðjunnar h/f, en það skapi gerðarþola á engan hátt útsvarsskyldu hér.

Gerðarbeiðandi mótmælir þessari röksemdafærslu gerðarþola.

Hann heldur því fram, að gerðarþoli eigi lögheimili í Reykjavík eða, ef ekki yrði fallizt á það, að þá sé hann að minnsta kosti útsvarsskyldur samkvæmt a. lið 8. gr. l. 106/1936.

Til stuðnings því, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur hér, færir gerðarbeiðandi fram, að gerðarþoli hafi skrifstofur í Hafnarstræti 10—12, að hann auglýsi þar í glugga skrifstofur sínar, bæði í simaskránni sjálfri 1940 og atvinnu- og viðskiptaskrá hennar með heimilisfangi í Reykjavík, að gerðarþoli hafi bókað simnefni í Reykjavík.

Gerðarþoli viðurkennir, að auglýst sé á þann hátt, sem gerðarbeiðandi heldur fram, en hann heldur því hins vegar fram, að það sé heildverzlunin Hekla, sem auglýsi starfsemi Vinnufataverksmiðjunnar h/f. á framan greindan hátt.

Samningur er á milli gerðarþola og Heildverzl. Heklu, þar sem Heklu er heimilað að auglýsa framleiðslu gerðarþola fyrir ákveðna upphæð mánaðarlega.

Það er upplýst í máli þessu, að gerðarþoli á lögheimili í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og kemur því til álita, hvort hann sé útsvarsskyldur hér samkvæmt a. lið 8. gr. útsvarslaganna.

Það er enn fremur upplýst, að með auglýsingum þeim, sem bæði

eru í símaskrá Reykjavíkur og húsinu nr. 10—12 við Hafnarstræti, að þar er beinlínis sagt, að heimilisfang gerðarþola sé í Reykjavík.

Fógetarétturinn verður því að líta svo á, að enda þótt gerðarþoli eigi lögheimili í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá sé starfsemi hans með nefndum auglýsingum þannig varið í Reykjavík, að hann verði að teljast útsvarsskyldur hér samkvæmt a. lið 8. gr. útsvarslaganna, og ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 18. desember 1942.

Nr. 2/1942. Bæring Bjarnason

gegn

Nautgripakynbótanefnd Patrekshrepps

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bæring Bjarnason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 18. desember 1942.

Nr. 15/1942. Sigurður Guðmundsson

gegn

Nautgripakynbótanefnd Patrekshrepps

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Guðmundsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
